

# Ársskýrsla Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands 2016

---

## Stjórn o.fl.

Framan af árinu var stjórn Sagnfræðistofnunar þannig skipuð: Ragnheiður Kristjánsdóttir dósent, forstöðumaður, Guðni Th. Jóhannesson dósent, Steinunn J. Kristjánsdóttir prófessor og Margrét Gunnarsdóttir, fulltrúi doktorsnema. Á ársfundi sem haldinn var 31. maí 2016 var kjörin ný stjórn, þannig skipuð: Ragnheiður Kristjánsdóttir dósent, forstöðumaður, Guðmundur Jónsson prófessor, Steinunn J. Kristjánsdóttir prófessor og Margrét Gunnarsdóttir, fulltrúi doktorsnema.

Forstöðumaður er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar.

Sigurður Gylfi Magnússon situr fyrir hönd Sagnfræðistofnunar í fagráði Miðstöðvar munnlegrar sögu, varamaður er Erla Hulda Halldórsdóttir. Guðmundur Jónsson er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands. Guðmundur Jónsson er fulltrúi stofnunarinnar í Sjóði dr. Björns Þorsteinssonar.

Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga var endurvakin á árinu 2014 undir stjórn Sagnfræðistofnunar. Landsnefndin sér um samskipti við CISH, heimssamtök sagnfræðinga. Í Landsnefndinni sátu (frá miðju ári 2015) tveir fulltrúar frá Sagnfræðistofnun, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Guðni Th. Jóhannesson, tveir fulltrúar Þjóðskjalasafns Íslands, Eiríkur Guðmundsson og Hrefna Róbertsdóttir og tveir fulltrúar Sagnfræðingafélags Íslands, Vilhelm Vilhelmsson og Guðný Hallgrímsdóttir.

## Meðlimir

Í fornleifafræði: Gavin Murray Lucas, prófessor; Orri Vésteinsson, prófessor; Steinunn J. Kristjánsdóttir, prófessor.

Í sagnfræði: Anna Agnarsdóttir, prófessor; Erla Hulda Halldórsdóttir, lektor, Guðmundur Hálfðanarson, prófessor; Guðmundur Jónsson, prófessor; Guðni Th. Jóhannesson, dósent (til 1. júlí); Ingi Sigurðsson, prófessor (til 1. október); Kristjana Kristinsdóttir, lektor; Már Jónsson, prófessor; Ragnheiður Kristjánsdóttir, dósent; Sigurður Gylfi Magnússon, prófessor; Sverrir Jakobsson, prófessor; Valur Ingimundarson, prófessor; Viðar Pálsson, lektor.

Í Hagnýtri menningarmiðlun: Sumarliði R. Ísleifsson, lektor og Halla Kristín Einarsdóttir, aðjunkt.

Prófessorar emeriti í sagnfræði: Gísli Gunnarsson, Gunnar Karlsson, Helgi Þorláksson, Sveinbjörn Rafnsson og Þór Whitehead.

Nýdóttarar á vegum Sagnfræðistofnunar voru þau Þórir Jónsson Hraundal, Dawn Elise Mooney og Íris Ellenberger (frá 1. ágúst).

## Rannsóknir

Hér er stiklað á stóru. Í ritaskrá Háskóla Íslands er gerð nánari grein fyrir rannsóknum meðlima Sagnfræðistofnunar.

### *Rannsóknaverkefni á vegum stofnunarinnar*

*Reykholtsverkefnið.* (Helgi Þorláksson)

*Saga íslenskrar utanlandsverslunar.* (Helgi Þorláksson, Guðmundur Jónsson, Anna Agnarsdóttir, Gísli Gunnarsson og Helgi Skúli Kjartansson)

### *Rannsóknarverkefni sem einstakir meðlimir stýra*

*Assemblies in Iceland 850-1950.* Styrkt af Rannís. (Orri Vésteinsson)

*Austrænar víkingar í arabískum heimildum.* Styrkt af Rannís. (Þórir Jónsson Hraundal)

*Denmark and the New North Atlantic. Identity, Positions, Natural Resources and Cultural Heritage.* Styrkt af Rannsóknarsjóði HÍ. (Guðmundur Hálfðanarson og Sumarliði R. Ísleifsson)

*Driftwood in the medieval North Atlantic.* Styrkt af nýliðunarsjóði HÍ. (Dawn Elise Mooney)

*EDDA Center of Excellence.* (Valur Ingimundarson)

*Emotions, Material Culture and Everyday Life in Iceland in the Long 19th Century.* Styrkt af Rannís, með aðild Þjóðminjasafns. (Sigurður Gylfi Magnússon)

*Fornleifarannsóknir í Skálholti.* Styrkt af Rannsóknarsjóði HÍ. (Gavin Lucas)

*Fornleifaskráning á Krókdal.* Styrkt af Fornminjasjóði. (Orri Vésteinsson)

*Fornleifaskráning í Garðahverfi, Eystribyggð.* (Orri Vésteinsson)

*Hús og hóbýli alþýðumanna – Fátækt á Íslandi á síðari hluta 19. aldar og fram á þá 20.* Rannsóknarsjóður Háskóla Íslands. (Sigurður Gylfi Magnússon)

*Í kjölfar kosningaréttar. Félags- og menningarsöguleg rannsókn á konum sem pólitískum gerendum 1915-2015.* Styrkt af EDDA - Centre of Excellence. (Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir)

*Kortlagning klaustra á Íslandi.* Styrkt af Rannís, Rannsóknarsjóði HÍ og Fornminjasjóði. (Steinunn J. Kristjánsdóttir)

*Landownership and the household economy in Iceland around 1700.* Styrkt af Rannsóknarsjóði HÍ. (Guðmundur Jónsson)

*Lífskjör á Íslandi 1100-1800 – vitnisburður Stóruborgarrannsókna.* Styrkt af Rannsóknarsjóði HÍ. (Orri Vésteinsson)

*Maritime Preparedness and International Partnership in the High North.* Styrkt af norskum stjórnvöldum og háskólastofnunum. (Valur Ingimundarson)

*Mót innlendrar og erlendrar menningar í Reykjavík 1900-1920.* Styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands. (Íris Ellenberger)

*Stjórnsmál norðursins. Utanríkisstefna Íslands, landfræði-pólitík og stjórnunarhættir á norðurslóðum.* Styrkt af Rannsóknarsjóði HÍ. (Valur Ingimundarson)

*Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins: Fjölskylda og heimilisbúskapur á Íslandi í byrjun 18. aldar.* Styrkt af Rannsóknarsjóði HÍ. (Guðmundur Jónsson)

*The Untold Story. An Oral History of the Roma People in Romania.* Styrkt af rannsóknarsjóði EES. (Guðmundur Hálfðanarson)

### ***Önnur rannsóknarverkefni sem meðlimir stofnunarinnar taka þátt í***

*De nordiske elites sosio-politiske ressurser, c. 1050–1250.* Við Oslóarháskóla, Gautaborgarháskóla, Kaupmannahafnarháskóla og Árósháskóla. (Viðar Pálsson)

The Hakluyt Edition Project, fræðileg útgáfa á *The Principal Navigations, Voyages, Traffiques, and Discoveries of the English Nation* (second edition, 1598–1600), í 14 bindum sem verður gefið út af Oxford University Press. (Anna Agnarsdóttir er einn ritstjóranna).

*History of Nordic Historiography beyond Methodological Nationalism – Comparative and Cross-national Perspectives, c 1850s onwards.* Styrkt af NOS-HS. (Ingi Sigurðsson)

*Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur.* Styrkt af Rannís. (Guðmundur Jónsson og Ragnheiður Kristjánsdóttir)

*Network for cultural heritage, memory, digital humanities and visualization in the North Atlantic, 2014-2017.* Við Amsterdam háskóla. (Sumarliði R. Ísleifsson)

*Norse Use of Marine Mammals in the Medieval North Atlantic.* Styrkt af NSF (Orri Vésteinsson)

*Rannsóknarverkefni um Jón Skálholtsbiskup Halldórsson.* Á vegum Miðaldastofu HÍ. (Viðar Pálsson)

*The Medieval Buildings of Reykholt.* Hýst af Snorrastofu. (Viðar Pálsson)

*Working out the curriculum of a joint MA programme in 'Microhistory'.* Með styrk frá Tempus Public Foundation. (Sigurður Gylfi Magnússon)

## ***Fornleifarannsóknir og -skráning***

Hofsgarðshorn, Krókdalur, Gásir og í Garðahverfi í Eystribyggð í Grænlandi. (Orri Vésteinsson)

Skálholt. (Gavin Lucas)

Skráning sögu, fornleifa, gripa og gróðurs á sjö klausturstöðum á landinu. (Steinunn J Kristjánsdóttir)

## **Útgáfa**

### ***Bækur gefnar út af Sagnfræðistofnun***

*Historical Account of a Revolution on the Island of Iceland in the Year 1809*, The University of Iceland Historical Document Series. Anna Agnarsdóttir og Óðinn Melsteð ritstjórar. Reykjavík: Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan, 2016.

Sveinbjörn Rafnsson. *Um Snorra Eddu og Munkagaman. Drög til menningarsögu íslenskra miðalda*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 43. Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 2016. (Ritstjóri Guðmundur Jónsson)

### ***Aðrar bækur sem meðlimir stofnunar komu að***

Anna Agnarsdóttir, *Sir Joseph Banks, Iceland and the North Atlantic. Journals, Letters and Documents*. London: The Hakluyt Society í samvinnu við Routledge og Taylor & Francis Group, 2016.

*Biography, gender and history: Nordic Perspectives*. Cultural History – Kulttuurihistoria 14. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir, Maarit Leskilä-Kärki, Tiina Kinnunen og Birgitte Possing. Turku: k&h, Turku University, 2016.

*Bréf Jóns Thoroddsens*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík: Sögufélag, 2016.

*Cod and Herring: The Archaeology and History of Medieval Sea Fishing*. J. H. Barrett & D.C. Orton ritstj. Oxford: Oxbow, 2016. (Orri Vésteinsson kaflahöfundur)

*Elements of Architecture. Assembling archaeology, atmosphere and the performance of building spaces*. Ritstj.: Mikkel Bille og Tim Flohr Sorensen. London: Routledge 2016. (Í ritröðinni Archeological Orientations sem er ritstýrt af Gavin Murray Lucas).

*Endavouring Banks. Exploring Collections from the Endeavour Voyage*. Ritstj. Neil Chambers. London: Paul Holberton Publishing í samvinnu við University of Washington Press og New South Publishing, 2016. (Anna Agnarsdóttir kaflahöfundur)

Guðni Th. Jóhannesson, *Forsetar Íslands. Embætti þjóðhöfðingja Íslands á 20. öld.* Reykjavík: Sögufélag, 2016.

*Historical Dictionary of Iceland*, 3. útgáfa, Lanham, MD og London: Rowman & Littlefield, 2016. (Sverrir Jakobsson ásamt Guðmundi Hálfðanarsyni)

*Iceland's Financial Crisis: The Politics of Blame, Protest, and Reconstruction.* New York og London: Routledge, 2016. (Valur Ingimundarson ritstjóri og kaflahöfundur)

*Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi.* Rit Þjóðminjasafns Íslands 44. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2016. (Íris Ellenberger kaflahöfundur).

Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fátækt og fúlga. Þurfalingarnir 1902.* Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 19. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2016.

*Making Christian Landscapes in Atlantic Europe.* Cork og Newcastle: University College Cork og Newcastle University, 2016. (Steinunn J. Kristjánsdóttir kaflahöfundur)

*Margar myndir ömmu. Konur og móttun íslensks samfélags á 20. öld.* Fléttur IV. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2016. (Ragnheiður Kristjánsdóttir ritstj., Íris Ellenberger, fræðilegur ritstj., Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson höfundar)

Óðinn Melsteð. *Með nótur í fartestkinu. Erlendir tónlistarmenn á Íslandi 1930-1960.* Reykjavík: Sögufélag, 2016. (Ragnheiður Kristjánsdóttir ritstjóri ásamt Guðna Th. Jóhannessyni og Magnúsi Lyngdal Magnússyni)

Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, *Minor Knowledge and Microhistory. Manuscript Culture in the Nineteenth Century.* London: Routledge 2016.

Sigurður Gylfi Magnússon, *Heimkoma. Huganir í samtímanum* – academia.edu.

Sir Tómas More. *Útópía.* Eiríkur Gauti Kristjánsson þýddi, með inngangi og skýringum eftir Viðar Pálsson. Lærdómsrit. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2016.

Sverrir Jakobsson, *Auðnaróðal. Baráttan um Ísland 1096-1281.* Reykjavík: Sögufélag, 2016.

*The Biographical Turn: Lives in History.* Hans Renders, Binne de Haan and Jonne Harmsma ritstj. London: Routledge, 2016. (Sigurður Gylfi Magnússon kaflahöfundur)

*The Cambridge History of Scandinavia. Volume II 1520-1870.* Ritstj. E. I. Kouri og Jens E. Olesen. Cambridge: Cambridge University Press, 2016. (Anna Agnarsdóttir kaflahöfundur)

*The Introduction of Christianity in to the Early Medieval Insular World.* R. Flechner, M. Ní Mhaonaigh & E. Cambridge ritstj. Turnhout: Brepols, 2016. (Orri Vésteinnsson kaflahöfundur)

Viðar Pálsson. *Language of Power: Feasting and Gift-Giving in Medieval Iceland and its Sagas.* Islandica, b. 60. Íþöku: Cornell University Library, 2016.

Vinnandi fólk. *Alþýðusamband Íslands 100 ára*. Þjóðminjasafn Íslands. Ritstj. Bryndís Sverrisdóttir. (Sumarliði R. Ísleifsson höfundur texta)

## Tímarit

Ragnheiður Kristjánsdóttir var landsritstjóri tímaritsins *Scandinavian Journal of History*.

Már Jónsson og Ragnheiður Kristjánsdóttir fulltrúar stofnunarinnar í ritnefnd tímaritsins *Sögu*.

Meðlimir stofnunarinnar birtu greinar og ritdóma í eftirfarandi tímaritum: *Anthropos; Árbók hins íslenska fornleifafélags; Current Swedish Archaeology; Estonian Historical Journal; Hugarás; International Journal of Historical Archaeology; Journal of English and Germanic Philology; Journal of the North Atlantic; Journal of Social History; Mormon Historical Studies; Newsletter. International Federation for Research in Women's History; Quaternary Geochronology; Ráðstefnuriti Háskólans í St. Pétersborg; Revue d'histoire nordique; Ritið; Sjuttonhundrata. Nordic Yearbook for Eighteenth-Century Studies; Saga; Skírnir; Sredniowiecze Polskie i Powszechnie (Polish and General Medieval Studies) og Viator. Journal of Medieval and Renaissance Studies.*

## Sýningar og fræðsluefni fyrir almenning

*Ísland í heiminum. Heimurinn á Íslandi.* (Íris Ellenberger)

*Hinsegin sögukvöld í ágúst og nóvember.* (Íris Ellenberger)

*Vinnandi fólk. Alþýðusamband Íslands 100 ára, 5. mars til 22. maí 2016, og síðar víðar um land.* (Sumarliði R. Ísleifsson)

Auk þess má hér nefna fjölda greina eftir meðlimi stofnunarinnar á Vísindavef Háskólans.

## Ráðstefnur, málþing, fyrirlestrar og fundir

*Á vegum Sagnfræðistofnunar og námsbrauta í sagnfræði og fornleifafræði*

Á vegum námsbrautar í sagnfræði voru á vormisseri 2016 haldin vikuleg seminör um söguleg efni. Umsjónarmaður var Sigurður Gylfi Magnússon.

Á vegum námsbrautar í fornleifafræði var haldin fyrirlestraröðin Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði á vormisseri (samstarf við Félag fornleifafræðinga og Þjóðminjasafn Íslands). Umsjónarmaður var Orri Vésteinsson.

„Forseti Íslands: Hverskonar embætti er þetta?“, Fyrirlestraröð um forsetaembættið frá mars-júní 2016. (Í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og Lagastofnun). Sjá: <http://www.stjornsyslustofnun.hi.is/node/1102>

Eric Vanhoute, „Famines in history“. Fyrirlestur 19. maí. Sjá: [http://www.hi.is/vidburdir/greining\\_og\\_tulkun\\_fraedimanna\\_a\\_hungursneydum\\_lidinna\\_alda](http://www.hi.is/vidburdir/greining_og_tulkun_fraedimanna_a_hungursneydum_lidinna_alda)

„40 ár frá lokasigri. Málþing um sögu þorskastríðanna“, 1. júní 2016. Sjá: [http://www.hi.is/vidburdir/40\\_ar\\_fra\\_lokasigri\\_malthing\\_um\\_sogu\\_thorskastridanna](http://www.hi.is/vidburdir/40_ar_fra_lokasigri_malthing_um_sogu_thorskastridanna)

Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar: Eugenio F. Biagini, prófessor við Cambridgeháskóla hélt minningarfyrirlesturinn í hátíðarsal Háskóla Íslands þann 15. september. Fyrirlesturinn bar titilinn: „Democracy and the ‘national interest’: the making and unmaking of the UK, 1707-2016, and the lessons for the EU“. Þann 14. september hélt hann auk þess semínar undir yfirskriftinni: „The Cambridge Social History of Ireland“. Sjá hér kynningu á fyrirlestrinum: [http://www.hi.is/vidburdir/minningarfyrirlestur\\_jons\\_sigurdssonar\\_2016\\_the\\_making\\_and\\_the\\_unmaking\\_of\\_the\\_uk\\_1707\\_2016](http://www.hi.is/vidburdir/minningarfyrirlestur_jons_sigurdssonar_2016_the_making_and_the_unmaking_of_the_uk_1707_2016)

„Hugmyndaheimur Páls Briems“. Málþing í Þjóðminjasafni 19. október. Sjá: [http://www.hi.is/vidburdir/hugmyndaheimur\\_pals\\_briems\\_malthing\\_i\\_thjodminjasafni\\_19\\_oktober](http://www.hi.is/vidburdir/hugmyndaheimur_pals_briems_malthing_i_thjodminjasafni_19_oktober)

„Færði almenningi söguna“, Minningarþing um Eggert Þór Bernharðsson, 15. október 2016 (samstarf við Sögufélag o.fl.). Sjá: [http://www.hi.is/vidburdir/faerdi\\_almenningi\\_soguna\\_minningarthing\\_um\\_eggert\\_thor\\_bernhardsson\\_sagnfraeding](http://www.hi.is/vidburdir/faerdi_almenningi_soguna_minningarthing_um_eggert_thor_bernhardsson_sagnfraeding)

Silke Neunsinger, „Towards a Global History of Domestic and Care Giving Work“. Fyrirlestur 25. nóvember. Sjá: [http://www.hi.is/vidburdir/saga\\_heimilis\\_og\\_umonnunarstarfa\\_i\\_hnattraenu\\_samhengi](http://www.hi.is/vidburdir/saga_heimilis_og_umonnunarstarfa_i_hnattraenu_samhengi)

XIV Nordic Labour History Conference, Aðalbygging Háskóla Íslands, 28.-30. nóvember 2016. Í samstarfi við Arbetarrörelsens Arkiv och Bibliotek í Stokkólmi og EDDA- Centre of Excellence. Sjá: <http://www.nordiclabourhistory.org/>.

„Evisagan og hin ævisögulega aðferð“. Seminar við Háskóla Íslands, með Tiinu Kinnunen prófessor við háskólann í Oulu, 2. desember 2016.

### ***Ráðstefnur skipulagðar af meðlimum***

„Religious Landscapes in the North Atlantic, á 22. Annual Meeting of the European Association of Archaeologists (EAA)“, Vilnius, í september. (Orri Vésteinsson skipulagði í samstarfi við Símun Arge og Jette Arneborg)

„Maritime Emergency Management and Transnational Cooperation in the High North“, á vegum MARPART-verkefnisins. (Valur Ingimundarson, aðalskipuleggjandi)

„The Reykjavik Human Rights Roundtable“ á vegum Institute for Cultural Diplomacy (ICD) (Berlín) og rannsóknasetursins EDDU við Háskóla Íslands. (Valur Ingimundarson aðalskipuleggjandi)

## **Fyrirlestrar**

Auk ofangreinds héldu meðlimir Sagnfræðistofnunar fyrirlestra á málþingum og ráðstefnum á eftirfarandi stöðum: Akureyri, Árósar, Berlín, Bessastaðir, Bodø, Cambridge, Cluj-Napoca, Durham, Grindavík, Ísafjörður, London, Lincoln, Lundur, Moskva, Nýp á Skarðsströnd, Óðinsvé, Reykholt, Reykjavík, Skálholt, Skriðuklaustur, St. Pétursborg, Stykkishólmur, Tromsø, Toronto, Valencia, Varsjá, Vilnius og Volda.

## **Miðstöð einsögurannsókna**

Stjórn: Sigurður Gylfi Magnússon formaður. Meðstjórnendur: Már Jónsson og Davíð Ólafsson.

Miðstöð einsögurannsókna tók þátt í alþjóðlegu rannsóknarverkefni á árinu með fræðimönnum frá Íslandi, Ungverjalandi og Noregi sem nefnist: *Working out the curriculum of a joint MA programme 'Microhistory'*, fjármagnað af Tempus Public Foundation (samstarfsaðilar: Eötvös University, Budapest, Volda University College (Noregi) og ReykjavíkúAkademían).

Miðstöðin hélt á Íslandi alþjóðlega tveggja daga ráðstefnu sem nefndist Methods and Meaning of Microhistory dagana 27.–30. júní 2016.

Miðstöðin stóð að útgáfu Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar en á árinu kom út tvö verk:

Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fátækt og fúlga. þurfalingarnir 1902*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 19 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2016).

Guðrún Ingólfssdóttir, *Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellíngar. Bókmenning íslenskra kvenna frá miðöldum fram á 18. öld*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 20 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2016).

Miðstöð einsögurannsókna fékk styrki frá nokkrum aðilum á árinu, nefnilega Miðstöð íslenskra bókmennta, Alþingi og Sögufélagi, alls kr. 1.650.000 en þeir fóru allir til að kosta útgáfu Sýnisbókana. Að auki fékk Miðstöðin styrk upp á um það bil eina milljón kr. frá Tempus Foundation í Ungverjalandi til að reka hina alþjóðlegu ráðstefnu sem haldin var hér í júní árið 2016.